



Borgarráð

Heimild til útgáfu lóðarleigusamninga fyrir eignir í Mjóddinni.

Óskað er eftir að borgarráð samþykki að gerðir verði lóðarleigusamningar við fasteignareigendur í Mjóddinni þar sem ekki eru til staðar gildandi lóðarleigusamningar.

Greinargerð: Lóðum í Mjóddinni var úthlutað með úthlutunarbréfi sem samþykkt var í borgarráði 2. ágúst 1977 sem byggði á bréfi skrifstofustjóra borgarverkfræðings dagsettu 4. júlí 1977. Samkvæmt því skyldi Reykjavíkurborg annast gerð bílastæða en lóðarhafar skyldu greiða þau. Gert var ráð fyrir að kostnaður vegna gerð bílastæða yrði gerður upp við útgáfu lóðarleigusamninga. Þetta uppgjör fór hins vegar ekki fram og Reykjavíkurborg greiddi kostnað við gerð bílastæðanna. Samið var um uppgjör þetta með samningum Reykjavíkurborgar við Svæðisfélagið dags. 7. mars 2012.

Gengið var frá lóðarleigusamningum fyrir hluta lóðanna. Gerðir voru lóðarleigusamningar fyrir Álfabakka 8, (Sambíóið), Þangbakka 8-10 (íbúðarhús) og Þönglabakka 1 (Nettó). Eftir er að er ljúka við gerð lóðarleigusamninga fyrir Álfabakka 10 og 12,14, 14 a, 14 b og Þönglabakka 4-6 og Þarabakka 1. Lóðarleigusamningar verða gerðir á grundvelli núgildandi deiliskipulags. Komi til breytinga á því, t.d. aukinn byggingarréttur á lóðunum með breyttu deiliskipulagi þá er ákvæði í lóðarleigusamningi sem kveður á um að greitt sé fyrir aukinn byggingarrétt til Reykjavíkurborgar. Núverandi ástand veldur því að engum skjölum verður þinglýst á eignir í Mjóddinni nema að fengnu leyfi Reykjavíkurborgar.

Hrólfur Jónsson

Hjálagt:

Samningur um uppgjör kostnaðar vegna reksturs bílastæða í Mjódd dags. 7. mars 2012.

Reykjavíkurborg, kt. 530269-7609, Ráðhúsi Reykjavíkur, Tjarnargata 11, Reykjavík og Svæðisfélagið í Mjódd, kt. 470285-0369, Álfabakka 14a, Reykjavík gera með sér svohljóðandi

SAMNING

um uppgjör kostnaðar vegna reksturs bílastæða í Mjódd.

Með úthlutunarbréfi frá 2. ágúst 1977 var nánar tilgreindum lögaðilum og einstaklingum úthlutað byggingarrétti fyrir starfsemi sína í Mjódd í Breiðholti. Samkvæmt úthlutunarbréfinu skyldi viðhald og rekstur bílastæða vera í höndum borgarsjóðs en eigendur kosta gerð þeirra. Þrátt fyrir ákvæði úthlutunarbréfsins hefur Svæðisfélagið í Mjódd, f.h. fasteignareigenda í Mjódd, annast að mestu rekstur og viðhald bílastæðanna.

Aðilar samkomulags þessa eru ásáttir um að Reykjavíkurborg greiði Svæðisfélaginu í Mjódd vegna reksturs og viðhalds bílastæðanna á tímabilinu 1. janúar 2007 – 31. desember 2011, alls að fjárhæð kr. 23.492.885.- ásamt vsk. skv. meðfylgjandi yfirliti á fskj. 1, samtals kr. 29.483.571.-. Jafnframt mun Reykjavíkurborg greiða Svæðisfélaginu kr. 5.000.000,- vegna viðhalds vestan megin við verslunarmiðstöðina og hefur þar með uppfyllt skyldu sína til viðhalds sömu stæða til næstu sjö ára. Samtals greiðir Reykjavíkurborg því Svæðisfélaginu kr. 34.483.571.-

Svæðisfélagið í Mjódd mun gefa út reikning á hendur Reykjavíkurborg vegna reksturs og viðhalds bílastæðanna á tilvitnuðu tímabili.

Með samkomulagi þessu skuldbindur Svæðisfélagið í Mjódd sig til að endurgera bílastæði vestan megin við verslunarmiðstöðina Mjódd og að endurgerðinni verði lokið fyrir 1. ágúst 2012, sbr. meðfylgjandi uppdrátt á fskj. 2 og áætlun á fskj. 3.


Með samkomulagi þessu lýsir Svæðisfélagið í Mjódd, f.h. fasteignareigenda í Mjódd, að það fellur frá öllum frekari kröfum á hendur Reykjavíkurborg vegna reksturs og viðhalds bílastæða í Mjódd á liðnum árum og jafnframt að Svæðisfélagið í Mjódd mun ekki hafa uppi neinar frekari kröfur um viðhaldsskyldu Reykjavíkurborgar á bílastæðum vestan megin við verslunarmiðstöðina.

Reykjavík, 7. mars 2012


F.h. Reykjavíkurborgar,



F.h. Svæðisfélagsins í Mjódd,



Vitundarvottar:



kt. 081253-5879

kt. 110149-4479

BYGGLAVER LÍFVÉTTIRGI	
09. MAR. 2012	
Málsnúmer	2009 03 0008
Bréталvísing	10.3


Samkomulag við Svæðisfélagið í Mjódd vegna undanfarinna ára

Samkomulag er um að greiða vegna 5 ára þ.e. 1. janúar 2007 - 31. desember 2011.

Svæðisfélagið hefur tekið að sér hreinsun, stampalosun o.fl í Mjódd.

		pr. ár	5 ár
Hreinsun og önnur þjónusta:	kr	3.298.577	16.492.885
Holufyllingar, minniháttar malbil o.fl		1.400.000	7.000.000
Virðisaukaskattur		1.198.137	5.990.686
		5.896.714	29.483.571

Af þessari fjárhæð fær Reykjavíkurborg endurgreiddan VSK af hreinsun eða af 3.298.577 sem eru kr. 841.137 pr. hvert ár eða krónur 4.205.686 fyrir 5 ár



Lóðarmörk

Fyrirkomulag bílastæða við Álfabakka skv. tillögu að deilskipulagi sem er í vinnslu únnið af THG arkitektum.

Álfabakki

16

14

14A

14B

12

10

8



Bílastæðalóð við Álfabakka
Yfirlitsuppráttur

Dags 13.12.2011 Mkv 1.500/A3 ark



Handwritten signature and initials.